

Borgarráð

Reykjavík, 25. nóvember 2022
SFS22060177

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að þjónustusamningar við sjálfstætt starfandi grunnskóla verði framlengdir

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera viðauka við samninga Reykjavíkurborgar, sem gilda til 31. desember 2022 við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík með þjónustusamning við skóla- og frístundasvið. Með viðaukanum verði gildistími samninga og þegar gerðra viðauka, eftir því sem við á, framlengdir til 31. desember 2023. Gerður er fyrirvari um að uppfyllt séu skilyrði til reksturs grunnskóla og samningsbundnar skyldur uppfylltar.

Greinargerð:

Þann 3. febrúar 2022 skipaði borgarstjóri starfshóp um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Erindisbréf hópsins var lagt fram fundi borgarráðs 10. febrúar sl.

Samkvæmt erindisbréfi hópsins var það hlutverk hans að móta drög að stefnu og tillögum um aðkomu Reykjavíkurborgar þegar kemur að sjálfstætt starfandi leikskólum og grunnskólum, þar sem jafnræði og gegnsæi er haft að leiðarljósi þegar kemur að aðkomu og framlögum Reykjavíkurborgar. Í erindisbréfi er hlutverki og helstu verkefnum lýst.

Starfshópurinn hefur lokið störfum og afhent borgarstjóra skýrslu, dags. í október 2022. Skýrslan var lögð fram á fundi borgarráðs 27. október sl. ásamt bréfi borgarstjóra þar sem lagt var til að ráðið samþykkti tillögur starfshópsins og hefur verið til meðferðar á vettvangi ráðsins.

Tillögur starfshópsins fela í sér umtalsverðar breytingar á aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leikskólum og er það mat skóla- og frístundasviðs að tími sá sem til stefnu er fram að 31. desember 2022 sé of skammur en þá er gildistími samninga útrunninn. Er þá haft í huga að ekki hefur verið tekin afstaða til tillagna starfshóps um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum og að í hönd þurfa að fara samningaviðræður við sjálfstætt starfandi leikskóla.

Vegna framangreinds er lagt til að núgildandi samningar verði framlengdir til 31. desember 2023.

I Forsaga málsins

Á 152. fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. janúar 2019 og í borgarráði þann 7. febrúar 2019 var samþykkt að gera samninga við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík;

Hjallastefnuna Grunnskólar ehf, Landakotsskóla ses, Skóla Ísaks Jónssonar ses, Tjarnarskóla ehf, Suðurlíðarskóla og Waldorfskólann Sólstafi. Samningarnir tóku gildi þann 10. júní 2019 og gilda til þriggja ára.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. júní 2022 og borgarráðs, dags. 7. júlí 2022, var samþykkt að gerður yrði viðauki við samninga Reykjavíkurborgar, sem gilda til 10. júní 2022, við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík, þar sem gildistími samnings og viðauka samkvæmt honum yrði framlengdur til 31. desember 2022.

II Efni samninga og viðsemjendur

Samkvæmt 43. gr. a laga um grunnskóla nr. 91/2008 skal sveitarfélag sem skóli starfar í gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b laga um grunnskóla og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans. Til samræmis við 2. mgr. 43. gr. a laga um grunnskóla skal ráðuneytið staðfesta þjónustusamning þegar fyrir liggur að öllum lögbundnum skilyrðum er fullnægt. Ekki má hefja skólastarf fyrr en sú staðfesting liggur fyrir. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast staðfestingu þjónustusamnings og hefur hann gert það. Í reglugerð nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla er nánar kveðið á um framkvæmd ákvæða grunnskólalaga sem fjalla um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Í 8. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla er fjallað um upphæð framlags úr sveitarsjóði. Kemur þar fram í 1. mgr. að framlag skv. 8. gr. skuli nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur fram að útreikningur Hagstofu Íslands skv. 1. mgr. vegna komandi skólaárs skal liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna.

Um er að ræða eftirfarandi rekstraraðila; Suðurlíðarskóli, Hjallastefnan Grunnskólar ehf, Tjarnarskóli, Waldorfskólinn Sólstafir, Skóli Ísaks Jónssonar og Landakotsskóli sem rekur jafnframt alþjóðadeild, sjá nánar í meðfylgjandi yfirliti.

Fjárhagsleg áhrif

Í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs er gert ráð fyrir framlagi til sjálfstætt starfandi grunnskóla með samning við skóla- og frístundasvið. Framlenging samninga hefur ekki áhrif á drög að fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2023 eða núverandi framlög til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Framlög til sjálfstætt starfandi grunnskóla á ársgrundvelli geta numið allt að 2 milljörðum króna m.v. hámarks fjöld barna sem fram kemur í einstökum samningum og vísitölubindingu framlaga sem áskilin eru skv. lögum.



IV. Afgreiðsla

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er lagt til að gerður verði viðauki við þjónustusamninga sjálfstætt starfandi grunnskóla sem gilda til 31. desember 2022 með þeim hætti að þeir verði framlengdir til 31. desember 2023.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Yfirlit yfir samninga við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík

Nafn grunnskóla	Rekstraraðili	Kennitala	Gildistími samnings	Heimilaður barnafjöldi að hámarki
Hjallastefnan	Hjallastefnan grunnskólar ehf	550119-0210	31.12.2022	150
Landakotsskóli	Landakotsskóli ses	660505-1210	31.12.2022	335**
Skóli Ísaks Jónssonar	Skóli Ísaks Jónssonar ses	600269-4889	31.12.2022	199
Suðurhlíðarskóli	Suðurhlíðarskóli	440169-3259	31.12.2022	51
Waldorfskólinn Sólstaðir	Waldorfleiksskólinn Sólstaðir	430694-2199	31.12.2022	100
Tjarnarskóli	Tjarnarskóli	160188-1999	31.12.2022	53

Samtals				888
----------------	--	--	--	------------

**215 í almennum hluta grunnskólans og 120 vegna alþjóðadeildar